

D Ó M U R

Héraðsdóms Austurlands mánudaginn 17. desember 2007 í máli nr. S-96/2007:

Ákærvaldið

(Sigríður Elsa Kjartansdóttir saksóknari)

gegn

Sigurjóni Stefáni Leifssyni

(Bjarni G. Björgvinsson hdl.)

I.

Mál þetta, sem dómtekið var að aflokinni aðalmeðferð 27. nóvember sl., er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, útgefinni 18. júní 2007, á hendur Sigurjóni Stefáni Leifssyni, kt. 000000-0000, Neðri-Skálateigi, Neskaupsstað “fyrir neðangreind brot aðfaranótt sunnudagsins 7. janúar 2007:

1. Fyrir brot gegn valdstjórninni, með því að hafa, á lögreglustöðinni við Melagötu 2, Neskaupstað, hótad Ólafi Jóni Jónssyni lögreglumanni og Steinari Gunnarssyni lögregluvarðsstjóra, sem þar höfðu afskipti af ákærða vegna starfa sinna, lífláti með orðunum “þetta er þitt síðasta verk” og var hótun ákærða til þess fallin að vekja hjá þeim ótta um velferð sína.
2. Fyrir eignaspjöll með því að hafa í fangaklefa í fangageymslu ofangreindrar lögreglustöðvar brotið loftljós og rífið niður dýnu þannig að hvort tveggja eyðilagðist.
3. Fyrir brot gegn valdstjórninni með því að hafa í ofangreindum fangaklefa slegið Ólaf Jón Jónsson lögreglumann, sem þar hafði afskipti af ákærða vegna skyldustarfa sinna, fast högg með flötum lófa í vinstra gagnauga með þeim afleiðingum að hann hlaut bólgur og eymsli undir vinstra auga.

Teljast brot ákærða samkvæmt 1. og 3. tölulið varða við 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, með síðari breytingum og samkvæmt 2. tölulið við 1. mgr. 257. gr. sömu laga.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Af hálfu lögreglustjórans á Eskifirði er þess krafist að ákærði verði dæmdur til greiðslu bóta að fjárhæð kr. 34.999.”

Af hálfu ákærða er krafist sýknu af ákærulið 1. Þá er þess krafist að hann verði dæmdur til vægustu refsingar sem lög leyfa að því er varðar ákæruliði 2 og 3. Loks er krafist málsvarnarlauna úr ríkissjóði.

II.

Málavextir.

Í frumskýrslu lögreglu dagsettri 7. janúar 2007 segir að klukkan 04.16 þann dag hafi verið tilkynnt um slagsmál í Egilsbúð, en lögreglumenn hafi þá verið staddir á Eskifirði við eftirlit. Hafi þeir haldið strax á vettvang. Á leiðinni hafi verið hringt frá Egilsbúð og þeim tjáð að slagsmálin hefðu borist út á götu og að ákærði í máli þessu væri búinn að valda miklum skemmdum innandyra. Þegar lögreglumenn hafi komið á vettvang hafi þeir séð að handalögmál stóðu yfir á Hólsgötu gegnt Egilsbúð og hafi Ingi Arni Leifsson, bróðir ákærða, komið að lögreglubifreiðinni og verið æstur og með kjaftbrúk. Í skýrslunni er afskiptum lögreglunnar af honum lýst frekar og frá því greint að hann hafi verið færður í járn og settur inn í lögreglubifreið.

Næst hafi lögreglumaður gengið að ákærða þar sem hann hafi verið á miðri Hólsgötunni. Hafi ákærði verið mjög æstur og einhverjir vegfarendur verið að reyna að róa hann niður. Þá hafi blætt úr hægri augabrún ákærða. Lögreglumaður hafi óskað eftir því við ákærða að hann kæmi með þeim og segði þeim hvað gengi á og hvað gerst hefði. Hafi ákærði brugðist hinn versti við og hafið svívirðingar í garð lögreglumannanna. Hafi hann þá verið færður í tók og járn og settur aftur í lögreglubifreiðina. Mikil múgæsing hafi verið á svæðinu og hafi lögregla metið ástandið þannig að best væri að fjarlægja þá bræður af svæðinu, auk þess sem ástand þeirra hafi verið þannig að þeir hafi verið hættulegir bæði sjálfum sér og öðrum.

Þegar komið hafi verið með ákærða á lögreglustöðina hafi ákærði sagt við Ólaf Jón Jónsson lögreglumann: “Ólafur þetta er þitt síðast verk, þú átt eftir að sjá eftir þessu öllu saman.” Þegar inn hafi verið komið og ákærði hafði verið settur í klefa og járnin tekin af honum hafi hann sagt við Steinar Gunnarsson varðstjóra það sama og hann hafði sagt við Ólaf Jón.

Ákærði hafi fyrst verið settur í klefa 1, en eftir skamma stund þar hafi hann náð að brjóta niður loftljós í klefanum og hafi hann þá verið færður í klefa 2. Eftir að hafa verið þar í u.þ.b. klukkustund hafi hann byrjað að rífa niður dýnuna í klefanum og hafi hún þá verið fjarlægð. Ákærði hafi ítrekað óskað eftir því að fá lögmann en ekki hafi verið talin ástæða til að verða við því vegna ástands ákærða, sem hafi verið mjög æstur, dónalegur og ógnandi.

Ákærða hafi verið kynnt réttarstaða handtekinna manna þegar á stöðina hafi verið komið. Hann hafi verið áberandi ölvaður og í annarlegu ástandi. Hafi hann verið mjög æstur fram á morgun og barið í klefahurðina með svívirðingum og dónaskap gagnvart Steinari Gunnarssyni varðstjóra og Ólafi Jóni Jónssyni lögreglumanni.

Vegna áverka á augabrún ákærða hafi lögregla haft samband við vakthafandi lækni. Hafi hann ekki talið ástæðu til að gera að áverkunum að svo komnu máli vegna ástands ákærða og hafi læknirinn talið rétt að láta ákærða sofa úr sér fyrst.

Klukkan 07.30 hafi Ólafur Jón fært ákærða dýnu og teppi í klefann. Hafi ákærði þá stungið fætinum í dyragættina og heimað sígarettur og ef hann fengi þær ekki skyldi hann lofa Ólafi Jóni því að það yrði hans seinasta. Hafi Ólafur Jón þá ýtt ákærða inn í klefann við það hafi ákærði slegið Ólaf Jón í andlitið þannig að roði hafi komið á gagnaugað og eymsli í kjölfarið.

Í frumskýrslunni segir að lögregla hafi rætt við Óskar Halldór Guðmundsson, barþjón í Egilsbúð, sem hafi greint frá því sem hann vissi um málið. Hann hafi sagt að ákærði hafi verið töluvert ölvaður og æstur vegna peningafjárhæðar, 50.000 króna, sem hann hafi talið að starfsmenn barsins hefðu tekið af honum. Hafi ákærði eyðilagt rimlagluggatjöld með biljarðkjuða og einnig hafi hann farið niður á salerni og brotið þar sápuhólf. Ákærð hafi dottið í tröppunum upp af salernunum með þeim afleiðingum að skurður hafi komið á hægri augabrún. Nokkrir gestir hafi gætt að ákærða og þegar bróðir hans, Ingi Árni, hafi komið inn hafi hann talið að á ákærða hefði verið ráðist. Hafi hann orðið mjög æstur og þá hafi illindin byrjað. Fljótlega hafi tekist að koma þeim bræðrum út þar sem æsingurinn og lætin hafi haldið áfram úti á götu þar til lögregla kom á vettvang.

Meðal gagna málsins er áverkavottorð Bjargar Ólafsdóttur læknis, dagsett 5. febrúar 2007, vegna komu Ólafs Jóns Jónssonar lögreglumanns á heilsugæslustöðina í Neskaupstað hinn 7. janúar 2007. Þar segir eftirfarandi:

“Sjúkrasaga: Hann var á vakt helgina 06.01.2007-07.01.2007 og að sunnudagsmorgni var hann sleginn í andlitið. Hann missti ekki meðvitund, hefur ekki fundið fyrir ógleði. Hefur verið aumur og bólginn undir vinstra auga síðan. Við skoðun var Ólafur rauður á zygomatic boga vinstra megin og aumur við þreyfingu (svo). Ekki hematoma. Vinstra auga er eðlilegt að sjá, hann kvartar ekki um sjóntruflanir, sjáöldur eru jöfn, kringlótt og bregðast við ljósi direct og consensualt.”

Af hálfu ákærða var lagt fram í málinu áverkavottorð Björns Magnússonar læknis, dagsett 8. janúar 2007. Þar segir eftirfarandi:

“Sigurjón var á skemmtun í Egilsbúð í nótt þegar hann datt í stiga um það leyti sem var verið að loka húsinu. Skall hann á andlitið hæ. megin, hlaut skurð á hæ. augabrún og marðist á gagnauga. Segist hafa verið dauðadrukkin og kveðst hafa orðið bandbrjáladaður eftir fallið þannig að lögregla var kölluð til, þeir járnudu drenginn og fluttu í fangaklefa. Þar mun Sigurjón hafa látið öllum illum látum. Haft var samband við lækni og ákveðið í ljósi ástands hans væri rétt að bíða með að skoða sárið á augabrúninni. Sigurjón hefur hug á að kæra lögregluna vegna áverkanna, hann er með tveggja cm. skurð á vi. augabrún og mar á gagnauga yfir

kinnbeini, þetta eru áverkar sem hann telur að hafa hlotið (svo) þegar hann datt í stiganum. Þá er drengurinn með mar og grunna áverka á báðum úlnliðum sem hann segir vera eftir handjárn og er sjúklingur með lítils háttar mar á vi. framhandlegg og vi. hendi auk þess eru marblettir á báðum hnjám og á hæ. mjöðm og þar eru nokkur eymсли. Augabrúnin er ekki gapandi og er settur á hann plástur. Það er því fyrst og fremst um yfirborðsáverka og mar að ræða hjá ofangreindum manni. Sumpart eftir fall eins og að ofan getur og sumpart eftir handtöku og átök við lögreglu.”

Verður nú rakinn framburður ákærða og vitna fyrir dóminum.

Ákærði viðurkenndi að hafa haft í frammi háttsemi þá sem greinir í ákæruliðum 2 og 3, en neitaði sök að því er ákærulið 1 varðaði.

Hann sagðist hafa verið að skemmta sér í Egilsbúð umrætt kvöld. Sagðist hann hafa verið búinn að drekka 6 til 7 bjóra og verið orðinn drukkinn þegar atvik málsins áttu sér stað. Hann sagðist þó muna eftir atburðarás í stórum dráttum. Atburðarásin hefði byrjað á því að hann hefði dottið í flísalögðum tröppum inni í Egilsbúð. Við það hefði hann ruglast eitthvað og sagðist hann muna lítið eftir því sem gerðist skömmu eftir það, bæði inni og úti. Hann sagðist t.d. ekki hafa þekkt bróður sinn, sem hefði verið þarna rétt hjá honum. Hann sagðist muna eftir að hafa verið handtekinn á staðnum umyrðalaust og síðan myndi hann næst eftir sér þegar hann hefði komið á lögreglustöð. Þegar ákærði var spurður um það hvort hann myndi eftir orðaskiptum sínum við lögregluna sagði hann að hann myndi þau ekki orðrætt en að hann hefði eflaust látið eitthvað fjúka í reiði sinni. Hann sagðist hins vegar ekki kannast við að hafa haft í hótunum við lögreglu. Þá sagðist hann telja að það sem maður segði í áfengisvímu og kolruglaður eftir höfuðhögg væri ekki marktækt. Hann sagðist hins vegar hafa verið mjög reiður og litið svo á að lögreglan hefði handtekið sig fyrir að detta í Egilsbúð. Þá sagði hann að hann teldi að ekki hefði verið réttlætalegt að láta hann í fangaklefa þar sem hann hefði verið með opinn skurð á enninu, sem blætt hefði úr, og einnig hefði hann orðið fyrir þungu höfuðhöggi. Hann hefði því hugsanlega getað verið með heilahristing og því hefði getað farið illa. Lögreglu hefði því borið að fara með hann til læknis. Þá sagðist hann hafa beðið um lögmann en því hefði ekki verið sinnt. Sagðist ákærði því hafa verið mjög reiður þar sem hann hefði ekki fengið réttláta meðferð hjá lögreglunni. Aðspurður sagðist hann ekki muna eftir hvort hann streittist á móti handtöku.

Ákærði viðurkenndi að hafa rústað fyrri klefanum. Hann hefði því verið tekinn úr þeim klefa, færður úr fötunum og hent inn í seinni klefann. Allt hefði verið hreinsað út úr þeim klefa nema dýnan. Síðar hefði dýnan verið fjarlægð og þá hefði hann setið á steinsteyptum hnallinum einum saman. Viðurkenndi ákærði að hafa verið snarvitlaus þar sem hann hefði álitnið að hann væri þarna á röngum forsendum. Hann sagði að mjög kalt hefði verið í klefanum, enda hefði hann aðeins verið á nærbuxum og bol og kannski í sokkum. Þá hefði loftræstikerfið blásið köldu lofti inn í klefann.

Ákærði gaf skýrslu hjá lögreglu 12. mars 2007, sem er í meginatriðum í samræmi við framangreint.

Ólafur Jón Jónsson lögreglumaður sagði að hringt hefði verið úr Egilsbúð og tilkynnt um slagsmál og læti þar innandyra af völdum ákærða og bróður hans. Á leiðinni til Neskaupsstaðar hefði aftur verið hringt í lögreglu og tilkynnt að

slagsmálin og lætin hefðu borist út á götu. Þegar lögregla hefði komið á vettvang hefði ákærði verið mjög æstur og með skurð á enni. Hann sagðist ekki hafa haft afskipti af ákærða á vettvangi en þegar á lögreglustöðina hefði verið komið hefði hann fært ákærða úr bílnum. Ákærði hefði þá verið mjög æstur og um leið og ákærði hefði séð hann hefði ákærði nafngreint hann og sagt að þetta yrði hans síðasta verk. Inni á lögreglustöðinni hefði ákærði aftur nafngreint sig og Steinar varðstjóra og sagt að þetta yrði þeirra síðasta verk. Sagðist hann hafa heyrt ákærða segja þetta við Steinar. Hann sagðist hafa skilið þetta sem hótun í þeirra garð og sagðist hann hafa tekið þá hótun alvarlega og skilið hana sem líflátshótun. Hann sagði að hótunin hefði vakið með sér óhug. Sagði hann að þetta væri eina hótunin sem hann hefði orðið fyrir í sínu starfi sem lögreglumaður. Hann sagðist ekki gera mun á því þó að hótunin kæmi frá ölvuðum manni, enda sagðist hann ekki mundu vilja mæta ákærða aftur þegar hann væri drukkinn.

Ákærði hefði síðan verið settur í klefa og sagðist vitnið því næst hafa farið í Egilsbúð til að ræða við tilkynnandann. Þegar hann hefði komið aftur á lögreglustöðina sagðist hann hafa farið að gæta að ákærða ásamt lögreglumanninum Þór og þá hefði ákærði verið búinn að rífa dýnuna og hefði hún því verið tekið út úr klefanum hjá honum. Um klukkan sjö um morguninn hefði hann gætt aftur að ákærða og hefði hann þá kvartað yfir því að sér væri kalt. Með samþykki varðstjóra hefði hann því sett dýnu og teppi inn til hans. Þegar hann hefði ætlað að loka klefanum hefði ákærði sett fótinn á milli stafs og hurðar og heimtað sigarettur. Jafnframt hefði ákærði sagt að ef hann fengi ekki sigarettur yrði þetta hans síðasta verk. Þegar hann hefði ætlað að ýta ákærða inn í klefann aftur hefði ákærði slegið sig í andlitið með flötum lófa. Sagðist hann strax hafa verið orðið dofinn og rauður þar sem hann var sleginn og síðar hefði hann bólгнаð upp. Engir varanlegir áverkar hafi hlotist af þessu.

Hann sagði að það tíðkaðist að menn væru færðir úr ytri fötum áður en þeir væru settir í fangaklefa og væri það gert í öryggisskyni, þ.e. svo að fangarnir gætu ekki skaðað sig.

Vitnið gaf skýrslu hjá lögreglu 29. mars sl., sem er í samræmi við framangreint.

Steinar Gunnarsson lögregluvarðstjóri sagði að ákærði hefði verið mjög ölvuður og æstur þegar hann hefði haft afskipti af honum umrædda nótt. Þá hefði blætt úr augabrún ákærða. Hann sagði að tilkynnt hefði verið um ólæti og slagsmál í Egilsbúð og í ljós hefði síðar komið að ákærði hafði valdið þar skemmdum. Þegar hann og Ólafur Jón hefðu komið á vettvang hefðu verið hópslagsmál fyrir utan Egilsbúð. Hann sagðist hafa ætlað að tala við ákærða, en hann hefði ekki verið tilbúinn til þess og verið með stæla og dónaskap. Því hefði verið ákveðið að setja ákærða í járn og færa hann á lögreglustöð. Í bílnum á leiðinni á lögreglustöð og á lögreglustöðinni hefði ákærði hamrað á því við hann að þetta yrði hans síðasta verk. Sagðist hann hafa tekið þessa hótun ákærða alvarlega og skilið þetta sem líflátshótun. Þá sagðist hann hafa heyrt ákærða hóta Ólafi Jóni nákvæmlega því sama. Hann sagði að ákærði hefði nafngreint sig þegar hann hótaði honum, í að minnsta kosti í eitt skipti af mörgum. Hann sagði að ákærði hefði margítrekað þessa hótun sína. Auk þess hefði ákærði verið með svívirðingar og dónaskap og kallað þá fávita og bjána. Ákærði hefði verið mjög æstur allan tímann og fram eftir nóttu. Hann sagðist ekki gera mun á því þó að hótunin kæmi frá ölvuðum manni.

Hann sagðist lítil afskipti hafa haft af ákærða eftir að hann var færður í fangaklefa. Hann staðfesti að ákærði hefði brotið niður loftljós í öðrum klefanum og jafnframt rífið niður dýnu. Þá staðfesti hann að Ólafur Jón hefði kallað í sig um nóttina og tjáð sér að ákærði hefði slegið sig. Sagðist hann hafa séð að Ólafur Jón var rauður á gagnauganu. Sagðist hann hafa tekið ljósmynd af áverkanum. Ólafur Jón hefði lýst atvikinu með þeim hætti að ákærði hefði sett fótinn á milli stafs og hurðar og heimtað sígarettur. Þegar Ólafur Jón hefði ýtt honum inn í klefann hefði ákærði slegið hann í andlitið.

Aðspurður sagðist hann ekki muna eftir að ákærði hefði óskað eftir að fá lækni, en sagðist hins vegar sjálfur hafa haft samband við lækni um nóttina vegna ákærða. Læknirinn hefði ekki talið ástæðu til að skoða ákærða vegna ástands hans og talið rétt að láta vímuna renna af honum áður. Hann sagði að áverkinn hefði ekki verið mikill og því hefði verið talið hættulaust að biða með það að búa um hann, enda hefði ákærði ekki verið mönnum sinnandi. Hann sagði að á þessum tímamarki hefði lögregla ekki vitað af því að ákærði hefði dottið í tröppum og orðið fyrir höfuðhöggi. Þá sagði hann að ákærði hefði sakað lögregluna um að hafa meitt sig. Hann sagði að ákærði hefði einnig óskað eftir lögmanni en þeir hefðu einnig álitnið rétt að láta það biða þar til ákærði hefði róast og sofið úr sér. Hann sagði að ekki væri venja að kalla til lögmann þegar menn væru mjög æstir og ekki mönnum sinnandi.

Þór Þórðarson lögreglumaður sagðist hafa farið á vettvang ásamt Bjarna Sveinssyni lögreglumanni í umrætt sinn. Þegar þeir hefðu komið á vettvang hefði ákærði verið fyrir utan Egilsbúð að ræða við Steinar lögregluvarðstjóra. Ekki hefði verið nokkur leið að tjónka við ákærða og því hefði hann verið færður í tók og handjárnaður. Hann sagði að ákærði hefði verið æstur og ölvaður. Hann sagðist margsinnis hafa heyrt ákærða hótta lögreglunni, sérstaklega þeim Ólafi Jón og Steinari. Hann sagðist ekki mun það orðrétt hvað ákærði sagði en það hefði verið eitthvað í þá áttina að þetta yrði þeirra síðasta eða þeirra síðasta verk. Ákærði hefði hóttað þeim Ólafi Jóni og Steinari með svipuðum hætti, en þó hefði hótununum verið beint sérstaklega að Ólafi Jóni. Ákærði hefði byrjað með þessar hótanir fyrir utan lögreglustöðina við lögreglubílinn og síðan inni á lögreglustöðinni. Hann sagði að ákærði hefði nafngreint Ólaf Jón, en hótanirnar hefðu síður beinst gegn sér þar sem ákærði þekkti hann ekki. Hann sagði að hótanirnar hefðu verið með þeim hætti að engin spurning væri að þær voru til þess fallnar að vekja með þeim, sem fyrir þeim varð, ótta um velferð sína, sérstaklega í ljósi þess að ákærði þekkti viðkomandi og vissi hvar þeir áttu heima.

Hann sagðist tvívegis hafa haft afskipti af ákærða í fangaklefanum. Fyrst hefði hann heyrt hávaða úr klefa ákærða og farið að athuga hvað gengi á. Hann hefði þá séð að ákærði var búinn að slíta niður ljós og brjóta það. Fangaklefinn hefði allur verið í glerbrotum og því hefði ekki verið hægt að hafa ákærða þar inni. Sagðist hann því hafa fært ákærða yfir í annan klefa. Síðar um nóttina hefðu hann og Ólafur Jón gætt aftur að ákærða og séð að hann var búinn að rífa niður dýnuna. Þeir hefðu því tekið dýnuna út úr klefanum. Hann sagði að ákærði hefði enn verið mjög æstur og ekkert hefði verið hægt að tala við hann. Hefði ákærði ausið svívirðingum og skömmum yfir alla. Hann sagði að ákærði hefði ekki verið farinn að róast þegar hann hefði farið af stöðinni en hann sagðist hafa farið þaðan á undan Ólafi Jóni og Steinari.

Hann sagði að venjan væri að taka allt út úr klefanum ef viðkomandi væri farinn að eyðileggja hluti þar. Það væri einnig gert í öryggisskyni því menn hefðu reynt að hengja sig í efnisbútum úr dýnunni. Hann sagði að ekki væri venja að menn væru settir í klefa án ytri klæða, en það kæmi fyrir og færi það eftir ástandi manna og til hvers þeir væru álitnir líklegir. Hann sagði að föt ákærða hefðu auk þess verið rennandi blaut og því hefði ekki þótt rétt að láta ákærða vera í blautum fötunum. Aðspurður sagði hann að lögreglu hefði ekki verið kunnugt um það þarna að hann hefði orðið fyrir höfuðhöggi í Egilsbúð og hefði ákærði ekkert minnst á það.

Björg Ólafsdóttir læknir staðfesti að hafa gefið út læknisvottorð dagsett 5. febrúar 2007. Hún sagði að Ólafur Jón hefði verið rauður á vinstra kinnbeini og í átt að eyra, þ.e. á zygomatic boga. Ekki hefði verið um að ræða hematoma, þ.e. stóra, bláa mjúkvefjablæðingu, heldur hefði verið um yfirborðsáverka að ræða, þ.e. roði og eymsli.

III.

Niðurstaða

Með játningu ákærða og framburði lögreglumannanna Ólafs Jóns Jónssonar, Steinars Gunnarssonar og Þórs Þórðarsonar þykir sannað að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá sem greinir í ákærulið 2 og 3 og er sú háttsemi ákærða rétt heimfærð til refsíákvæða í ákærinni. Að því er ákærulið 3 varðar er einnig vísað til framlagðs læknisvottorðs og framburðar Bjargar Ólafsdóttur læknis.

Þá þykir sannað með trúverðugum framburði framangreindra lögreglumanna að ákærði hafi hótað þeim Ólafi Jóni og Steinari með orðunum “þetta er þitt síðasta verk” þegar þeir höfðu afskipti af honum vegna starfa sinna. Þykja þessi orð ákærða ekki verða skilin á annan veg en þann að ákærði hafi með þeim hótad fyrrgreindum lögreglumönnum lífláti. Var hótunin til þess fallin að vekja hjá lögreglumönnum ótta um velferð sína. Ekki þykir skipta máli í því sambandi þótt ákærði hafi verið undir talsverðum áhrifum áfengis þegar hann lét þessi orð falla.

Með vísan til framangreinds þykir því sannað að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá sem greinir í ákærulið 1 og er háttsemin rétt heimfærð til refsíákvæða í ákærinni.

Ákærði hefur þrívægis áður gerst brotlegur. Hinn 13. nóvember 2000 var ákærði dæmdur í 60 daga fangelsi, skilorðsbundið í 2 ár, fyrir þjófnað. Hinn 19. júlí 2001 gekkst ákærði undir greiðslu sektar og sviptingu ökuréttar vegna ölvunaraksturs og hinn 28. júlí 2004 gekkst ákærði undir greiðslu sektar vegna brots gegn ávana- og fíkniefnalöggjöf. Refsingu ákærða ber að tiltaka í samræmi við ákvæði 77. gr. almennra hegningarlaga.

Við ákvörðun refsingar er litið til þess að ákærði hefur játað verknað sinn að verulegu leyti. Með hliðsjón af því að ákærði hefur gerst sekur um tvö brot gegn 1.

mgr. 106. gr., svo og brot gegn 2. tl. 1. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 60 daga. Með því að ákærði hefur ekki áður gerst sekur um ofbeldisbrot þykir rétt að fresta fullnustu refsingarinnar og ákveða að hún falli niður að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dómsins haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955

Ákærði greiði sakarkostnað að fjárhæð 214.305 krónur, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Bjarna G. Björgvinssonar hdl., sem þykja hæfilega ákveðin að fjárhæð 194.220 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Lögreglustjórinn á Eskifirði hefur krafist þess að ákærði verði dæmdur til greiðslu bóta að fjárhæð 34.999 krónur vegna skemmda á loftljósi og dýnu. Krafa þessi er studd reikningum og verður hún tekin til greina að fullu.

Dóm þennan kveður upp Ragnheiður Bragadóttir dómstjóri.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurjón Stefán Leifsson, sæti fangelsi í 60 daga en fullnustu refsingarinnar er frestað og skal hún falla niður að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dómsins haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði sakarkostnað að fjárhæð 214.305 krónur, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Bjarna G. Björgvinssonar hdl., að fjárhæð 194.220 krónur.

Ákærði greiði lögreglustjóranum á Eskifirði bætur að fjárhæð 34.999 krónur.

Ragnheiður Bragadóttir